

STJÓRNANDINN

1. tölublað 19. árg.

Brú félag stjórnenda

Mars 2018

Öryggi á vinnustöðum

Ég starfa sem sölustjóri hjá fyrirtæki sem heitir Logey og erum við m.a. að selja vörur sem ætlaðar eru fyrir málmiðnaðinn og fl. Í gegnum árin í starfi mínu þá hef ég, því miður, frétt af slysum bæði stórum og litlum, á hinum ýmsu vinnustöðum. Svo heyrir maður sögur af slysum sem hafa orðið og mörg þeirra eru ljót slys.

Fyrir nokkrum árum hófum við hjá Logey að halda fyrirlestra sem ég hef kosið að kalla „Öryggi í meðferð slípivara“, en á fyrirlestrunum fer ég yfir hvað þessi vöruflokkur er í rauninni hættulegur en skurðarskífur 125 mm fara á tæplega 300 km hraða og ef þær af einhverjum ástæðum brotna þá dugar ekki að hlaupa eða víkja sér undan, það er enginn tími til þess. Þá er um að gera að vera vel varinn, vera með hanska, öryggisgleraugu, andlitshlíf og viðeigandi fatnað til að draga úr slyshættu.



Ég hef verið svo heppinn að bæði skólar og fyrirtæki hafa tekið þessum fyrirlestrum mínum vel, þar sem það þarf alltaf að ýta

EFNI Í ÞESSU BLAÐI:

Öryggi á vinnustöðum.....	1
Útivist er af ýmsum toga.....	2
Sumarúthlutun orlofshúsa 2018.....	3
Frá varaformanni.....	4
Úr lögum félagsins.....	4

við okkur að sofna ekki á verðinum, en eins og við vitum þá eru slysin oft á tíðum fljót að koma ef við erum ekki með varan á. Góð leið er að allir passi upp á alla.


Flest fyrirtæki útvega öllum starfsmönnum sínum viðeigandi hlífðarfatnað, en því miður er það oft á tíðum starfmaðurinn sjálfur sem notar þau ekki, eða þá notar bara hluta af þeim. Þar sem þeir ætla bara að vinna í stuttan tíma, skera eða slípa eitthvað smá eins og ég hef heyrt, jafnvel tekið hlífur af slípirokkum sem þeir eru að vinna með eða þá að einhver hefur tekið hlífina af.

Ekki alls fyrir löngu þá hafði ég samband við vinnueftirlitið og óskaði eftir tölum um vinnuslys, fjölda þeirra og með hvaða tæki sá eða sú slasaði sig með. Hér að neðan eru valin atriði úr þeim upplýsingum sem ég fékk frá vinnueftirlitinu fyrir árin 2008-2016.

Ég vonast til að þessi pistill hreyfi við fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra í þá veru að við íhugum og horfum á hvað við getum gert til að fækka slysum. Slys kosta fyrirtæki og heilbrigðiskerfið tugi milljóna ár hvert og jafnvel mannlíf. Reynum hvað að við getum til að fækka slysum og koma heil heim að loknum vinnudegi.

Með kveðju
Sigurður Kristinsson

Fjöldi vinnuslysa 2008-2016



A ð A L F U N D U R !

Brú félag stjórnenda heldur aðalfund sinn mánudaginn 19. mars 2018 kl. 19:00 í húsnæði félagsins að Skipholti 50d

Venjuleg aðalfundastörf

Félagar fjölmennið!!

Stjórn Brúar félags stjórnenda

Útivist er af ýmsum toga

Það er hressandi fyrir líkama og sál að stunda útivist og nokkuð víst að það er til útivist fyrir alla. Ég er einn af þeim sem vel mér að stunda mína útivist á torfæruhjóli, finnst fátt meira hressandi en að henda mér í allan öryggisbúnaðinn sem er samþærilegur við sprengideild Landhelgisgæslunar, ræsa fákinn minn og að skreppa með góðum félögum í 2 tíma plús eins og við köllum það. Sjaldan finnst mér ég vera í meiri snertingu við íslenska náttúru og að ég tali nú ekki um íslenska veðrið en á mótorhjóli, þar er maður berskjaldaður gegn því en það er líka hluti af skemmtuninni.

Ég hef ekki tölu á þeim ferðum sem maður fer að heiman í glampanði sól en áður en yfir lýkur hefur maður upplifað nánast öll veðurbrigði landsins á fyrsta hálf tíma.

Ýmist erum við að þræða fáfarna gamlar leiðir, fylgja gömlum þjóðleiðum, æfa okkur í örmjóum stígum á þartilgerðu svæði við Jósepsdal eða ferðast á hjólinu. Við reynum að nota fákana allt árið um kring, á veturnar erum við með nagladekk og jafnvel skíði að framan þegar snjór eru yfir öllu. Á sumrin eru algengastar dagsferðir og geta þær alveg teygst í 8-10 tíma og við þá verið búnir með 2-300km þegar heim er komið en oft er meðalhraðinn ekki nema 35-40km/klst. En reglan er sú að njóta landsins, virða það, stoppum mikið og tökum myndir, leggjumst í grænar lautir og borðum nesti, góð hetjusaga og jafnvel smá kría er oft góð. Það er víst staðreynd að ein af erfiðustu íþróttum eru torfæruhjól þar sem við sækjumst eftir slæmum vegum, við höldum meira að segja hátíðlegan "dag hina slæmu vega" á hverju ári og þá er valin torfærleið til að hjóla öllum til ánægju.

Þar sem við erum öll á götuskráðum torfæruhjólum þá er frelsið svo mikið, góð ferð frá síðasta sumri var þegar við 7 saman lögðum af stað snemma á laugardagsmorgni, hjóluðum yfir Svínaskarðið inni kjós, inn á gamla Þingvallavegin/Kóngsveg inn að Þingvöllum, kaffibolli í Þjónustumiðstöðinni, áfram inn að Meyjarsæti og inn á Eyfirðingaleið að Skjaldbreið. Þar beygt í suður og hjólað fram hjá Gullkistu og inn á Laugarvatn, stoppað í rjómaöfllum og kaffi hjá vinum í bústað þar. Gamla Lyngdalsheiðin



inn á Þingvelli aftur og niður með Kringlu og að Ingólfsfjalli, þræddur gamall slóði yfir fjallið og inn í Hveragerði, auðvitað stoppað í ís þar til að kæla sig.

Þaðan upp gömlu Kambana, stoppað og notið útsýnis, á góðum degi blasa Vestmannaeyjar og Eyjafjallajökull frá kambabrún, áfram haldið inn á Hellsisheiði og valin "Þúsundvatnaleiðin/Hengildalsá" og að Hellsisheiðarvirkjun, þar áfram eftir línuvegum yfir Mosfellsheiðina enda þeir bæði bugðóttir og ósléttir. Stoppað við Nesjavallaleið og þar skiptist hópurinn, öll

höldum heim þreytt en umfram allt glöð og fersk eftir alla útiveruna.

Í gegnum hjólasportið hef ég kynnst fólki úr öllum stígum þjóðfélagsins, læknum, verkfræðingum, bifvélavirkjum, gullsmiðum, sjómönnum, bæjarstjórum, smiðum, verkamönnum ofl. Þarna eru allir með sama hugarfari, njóta landsins og útivistar og frábærs félagskapar.

Þrátt fyrir hækkandi aldur er þetta alltaf jafn gaman og frískandi, með réttum öryggisbúnaði og réttu hugarfari ætla ég að stunda þetta um langan aldur.

Einisfold I

Sumarúthlutun orlofshúsa 2018

Ákveðið hefur verið að úthlutun á sumarhúsum verði 25. apríl.

Umsóknarfrestur er til 18. apríl

Orlofstímabilið er frá 1. júní til 7. september.

Það sem í boði í sumar er;

Áshvammur 8, Grímsnesi, Einisfold I og II í Skorradal

Kostar vikuleigan kr: 28.500

Nýja húsið okkar að Hrafnalandi I, Akureyri þar kostar vikuleigan 42.000

Við vorum að bæta við nýju orlofsúrræði, keyptum nýtt og glæsilegt hjólhýsi af Víkurverk, vikan kostar 42.000.

Hægt er að sækja um á netin www.bfs.is

Húsin eru leigð út viku í senn og er leiguvikan frá föstudegi kl. 16:00 til 14:00 á næsta föstudegi.

Hrafnaland I**Áshvammur 8****Orlofsúrræði**

Síðastliðið orlofstímabil vorum við með þá nýjung sem kölluð er „orlofsúrræði“

Þetta voru 20 styrkir til félagsmanna okkar, en sótt er um þá eins og orlofshúsin og eru sömu reglur um þá, fer eftir punktainneign. Þetta gafst vel og var því ákveðið að úthluta einnig 20 styrkjum kr: 28.500 hver að þessu sinni. Skila þarf inn kvittun fyrir einhversskonar orlofsúræðum (flugfari, gistingu eða leigu á húsi, hjólhýsi eða einhverju þessháttar fyrir 1. nóvember 2018.

Útilegukortið - Veiðikortið

Veiðikortið 2018 er ekki komið í hús, en verður til á skrifstofunni og kostar kr. 3.500 (niðurgreitt)

- Útilegukortið 2018 kemur í mars, fæst þá á skrifstofunni og kostar kr. 10.000 (niðurgreitt)
- Golfkortið mun einnig verða til, en er ókomið
- Erum einnig með miða í Hvalfjarðargöngin á 635.- stykkið



Sælir kærur félagar,

Ég var að velta því fyrir mér um daginn hvað við í Brú félagi stjórnenda værum í góðum málum með orlofsúrræði okkar félags.

Ég er nokkuð viss um að þau séu ekki mörg, ef þá nokkur, félögin sem bjóða upp á jafn flotta möguleika á orlofsúrræðum og við. Ef tölfræðin er tekin saman þá hafa um það bil 80 prósent félagsmanna möguleika á orlofsúrræðum, sem er auðvitað bara frábært. Það nýjasta í „flóruna“ hjá okkur er hjólhýsi af flottustu gerð, keypt af Víkurverk. Við í stjórn Brúar ásamt orlofsnefnd félagsins erum búin að gera samning við aðila um að sjá um afhendingu og móttöku vegna leigu á hjólhýsinu. Sömu úthlutunarreglur verða með hjólhýsið og orlofshúsin.

Þegar það var ákveðið að kaupa húsið í Hrafnalandi I í Hálöndum á Akureyri vorum við í stjórn og orlofsnefnd viss um að það gæti tekið alveg uppundir eitt ár að koma



því í fulla leigu, en önnur varð raunin og eftirspurnin er langt yfir væntingum. Kaupin á húsinu á Akureyri hafa ekki komið niður á leigu á öðrum húsum, heldur er um hreina viðbót ræða.

Mig langar, kærur félagar, að nefna við ykkur að félag eins og okkar er ekkert annað en við félagsmennirnir sjálfir. Þess vegna vil ég hvetja ykkur til að taka þátt í starfinu. Fundir og viðburðir, eins og til dæmis Jólafundurinn „félagsfundur“, þar sem mættu yfir 50 manns, er góður vettvangur til að koma sínum málum á framfæri. Það er alltaf kaffi á könnunni í Skipholtinu (50b) og Eygló Guðmundsdóttir skrifstofustjóri Brúar er alltaf til staðar fyrir okkur félagsmennina. Ekki hika við að hringja ef eitthvað er eða hafa samband við okkur í stjórn félagsins, við erum öll með tölvupóst og síma.

Öll skiptum við máli og það er okkur, sem stjórnnum félaginu, mikils virði að vita hvað ykkur finnst.

Að lokum vil ég hvetja ykkur til að skoða nýju heimasíðuna okkar www.bfs.is

Kv. Bjarni Þór Guðafsson

Varaformaður Brúar félags stjórnenda

Bekkir þú réttindi þín sem fullgildur félagi?

- Launavernd í allt að 12 mánuði í veikindum.
- Styrkur vegna veikinda maka eða barna.
- Styrkur til kaupa á gleraugum, styrkur til laser augnaðgerða og heyrnatækjakaupa.
- Tímar í sjúkrahjálfun, sjúkranudd og kírópraktor eru greiddir á móti Sjúkraþryggingum sem og heimsókn til sálfræðings eða félagsráðgjafa
- Starfstengdur menntunastyrkur (150.000 kr) og styrkur til tómstundanáms (45.000 kr) – þó aldrei hærra en 80% af kostnaði.
- Styrkur vegna fæðingar barns kr. 100.000.

Ritnefnd Stjórnandans:

Sigurður Kristinnsson

Ábm. Pálína K. Árnadóttir

Stjórn félagsins skipa:

Formaður: Sigurður Haukur Harðarson

Ritari: Pálína K. Árnadóttir

Gjaldkeri: Vilhelmlína S. Ólafsdóttir

Varaformaður: Bjarni Þór Guðafsson

Meðstjórnandi: Jón Hersteinn Jónsson

Varamaður: Friðrik Auðunn Jónsson

Varamaður: Eygló Guðmundsdóttir

Skrifstofa Bfs

Skipholti 50d,

105 Reykjavík og er opin frá kl. 9:00 til

14:00 alla virka daga.

Sími: 562-7070

Myndriti: 562-7050

Netfang: bfs@bfs.is

Heimasíða: bfs.is

Starfsmaður: Eygló Guðmundsdóttir

Heimasíða

Sambands stjórnendafélaga

Stf.is

Netfang: stf@stf.is

7. kafli

Stjórn félagsins, framboð og kosningar.

- 7.1. Stjórn félagsins skipa 5 menn: formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og meðstjórnandi.
- 7.2. Varamenn skulu vera tveir og hafa rétt til setu á öllum stjórnarfundum, þeir skulu hafa málfrelsi og tillögurétt. Þurfi að kalla varamann til starfa innan stjórnar skal fyrst kalla til þann varamann sem setið hefur lengur.
- 7.3. Framboð til formanns, ritara, gjaldkera, varaformanns, meðstjórnanda, tveggja varamanna, fastanefnda, og skoðunarmanna reikninga skulu berast skriflega staðfest af frambjóðanda á skrifstofu félagsins eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfund, merkt kjörnefnd. Þar skal koma fram í hvaða embætti frambjóðandi gefur kost á sér. Þegar skilafrestur á framboðum er liðinn, skal kjörnefnd félagsins sameina þau þannig að nafn hvers frambjóðanda komi aðeins einu sinni fram á kjörseðli.
- 7.4. Formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður, meðstjórnandi og varamenn skulu kosnir til tveggja ára, þannig að annað árið skulu kosnir 2 aðalmenn og einn varamaður og hitt árið 3 aðalmenn og 1 varamaður. Seta í stjórn er þó ekki takmörkuð við tvö ár. Fastanefndir og skoðunarmenn reikninga skal einnig kjósa til tveggja ára. Kosningar skulu vera skriflegar og fara fram á aðalfundi. Kosnir skulu: 2 menn í styrktar- og minningarsjóðsnefnd og einn til vara, 3 menn í orlofsjóðsnefnd og 1 til vara, 2 menn í vinnudeildusjóðsnefnd og 1 til vara, 2 skoðunarmenn reikninga og 1 til vara.
- 7.5. Atkvæðaseðill er ógildur ef á hann eru rituð fleiri nöfn en kjósa skal. Heimilt er að kjósa hverja fastanefnd í einni kosningu og skoðunarmenn reikninga
- 7.6. Komi ekki mótframboð telst frambjóðandi sjálfkjörinn.